



12. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2023/2024
haldinn miðvikudaginn 3. apríl 2024, kl. 11:45,
Aðalbygging, herbergi 230

Fundinn sátu: Baldvin Zarióh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Íris Davíðsdóttir, Ármann Höskuldsson, Jóna Margrét Ólafsdóttir (á Teams), Íris Hrönn Guðjónsdóttir og Ármann Höskuldsson.
Forföll boðuðu: Arngrímur Vídalín.
Helga Birna Ingimundardóttir framkvæmdastjóri Fh skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. mars 2024.
2. Aðalfundur Félags háskólakennara 2024, auglýsing og framkvæmd.
3. Fulltrúi Fh á Háskólaþingi 2024 - 2025
4. Kjaramál, staða mála.
5. Samráðsnefndarfundur, 19. mars sl.
6. Málþing Fh, FPR og FHA, um vinnumat.
7. Norrænn fundur 10. – 12. júní, undirbúningur.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 6. mars 2024

Fundargerðin var samþykkt.

2. Aðalfundur Fh árið 2024

Fyrir fundinn lá drög að auglýsingu um fundinn. Hún var samþykkt og framkvæmdastjóra falið að auglýsa fundinn á meðal félagsfólks.

3. Fulltrúi Fh á Háskólaþingi.

Ákveðið var að Íris Hrönn verði fulltrúi félagsins á Háskólaþingi skólaárið 2024 – 2025. Jens Guðmundur Hjörleifsson verði varamaður. Framkvæmdastjóra falið að svara erindi skrifstofu rektors vegna málsins.

4. Kjaramál, staða mála,

Baldvin fór yfir stöðu mála varðandi kjaramál, stöðuna innan BHM og hvað væri framundan. Samninganefndir Fh, FPR og FHA héldu sameiginlegan vinnufund sl. föstudag, þar sem lagt var lokahönd á sameiginlega kröfugerð félaganna í komandi kjaraviðræðum. Félögin þrjú taka þátt í samstarfi 10 annara stéttarféлага innan BHM. Ljóst hefur verið frá upphafi að félögin mun kljúfa sig frá þessu sameiginlega borði, þegar línur fara að skýrast í sérmálum félaganna. Formenn aðildarfélaganna 13 skipa viðræðunefnd. Nefndin hefur aðgengi að starfsmönnum og formanni BHM, en að öðru leiti munu þessi félög leiða viðræðurnar sjálf.

Skrifað var undir heildarútgáfa stofnanasamnings við Árnastofnun þenn 20. mars síðastliðinn.

Baldvin sagði frá tölvupósti er barst frá formanni samráðsnefndar um kjaramál, þar sem til stendur að afnema greiðslur vegna fæðisfjár, á þeim grundvelli að HÍ ætlar sér að bæta aðstöðu og rekstargrundvöll Hámu. Til stendur að taka málið til umfjöllunar og ákvörðunar á næsta háskólaráðsfundi. Málið rætt og stjórnarfolk lýsti mikilli óánægju með þessa ákvörðun HÍ. Rætt um að upplýsa fulltrúa starfsfólks í háskólaráði með óánægju stjórnar Fh fyrir fundinn. Þá var einnig rætt um að afnema þyrfti þá einokun sem Háma hefur á Háskólatorgi til þess að gæði og verð matarins verð hagstæðari fyrir starfsfólk.

Stjórn félagsins hefur verið boðið til fundar með fjármálanefnd HÍ til þess að ræða og fá kynningu á deililíkaninu. Fundartíma óákveðinn.

5. Samráðsnefnd um kjaramál, fh og HÍ

Baldvin sagði frá fundinum. HÍ hafði óskað eftir fundinum til þess að ræða stöðu starfsheitisins „aðstoðarkennari“ í stofnanasamningi aðila. Niðurstaða sú að HÍ muni senda félaginu drög á bókun vegna málsins.

Félag háskólakennara hafði m.a. óskað eftir því að verða upplýst um stöðu innleiðingar á starfsmatskerfi HERA. Staðan er sú að HÍ vinnur hörðum höndum að því að aðlaga núverandi starfslýsingar inn í nýtt kerfi. Til stendur að hafa kerfið klárt fyrir sumarfrí. Þá er ólokið að ræða launaliðinn og hvernig hvert starf verður metið inn í kerfið.

Þá var rætt um eyðublað vegna skaðvalda. Ákveðið var að skilgreina hvar mesta hættu er á skaðvöldum út frá staðsetningu innan HÍ fremur en að skilgreina störfin sjálf sem geta haft í för með sér vinnu við skaðvalda.

HÍ upplýsti félagið að háskólaráð hafi samþykkt að breyta 3ju grein í regum um nýdoktorasjóð. Fh lagði áherslu á að skólilinn upplýsi það félagsfólk sem málið varðar um breytinguna.

6. Málþing Fh, FPR og FHA

Málþing Fh, FPR og FHA um vinnumat verður haldið miðvikudaginn 8. maí næstkomandi. Jens sagði frá því að tölur frá VísNýs lægju fyrir og verið er að vinna úr þeim.

Fleira ekki gert og fundi lauk kl. 13:30

Næsti fundur verður aukafundur haldinn 10. apríl á Teams.